

Ed.

468. Nefndarálit

um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 41, 27. júní 1921, um breytingu á 1. gr. tolllaga, nr. 54, 11. júlí 1911, og viðauka við þau lög.

Frá minni hluta fjárhagsnefndar.

Nefndarálit meiri hlutans í þessu máli, á þskj. 457, gefur eigi tilefni til að fara mjög itarlega inn á málið, með því að það er lítið annað en órökstudd till. um að frv. verði samþ. Oss virðist þó, að ýmislegt sje fram komið, síðan frv. kom fram, bæði í ræðu og riti, sem hafi leitt greinilega í ljós, að frv. sje bygt á röngum grundvelli, og skal nánar vikið að því síðar.

Frv. þetta er að eins að því leyti merkilegt, að aðalefni þess er ekki í samræmi við fyrirsögnina. Þess munu fá eða engin dæmi, að í lögum um einfalda tolllagabreytingu sjeu ákvæði um að leggja niður stofnun, sem sett hefir verið með sjerstökum lögum. Það virðist því, að betur hefði átt við, að fram hefðu komið tvö lagafrv. til þess að ná því takmarki, sem frv. þetta miðar að, nefnilega afnám tóbakseinkasölnunnar og tollhækkun til þess að bæta ríkissjóði að einhverju leyti tekjumissinn.

Eins og áður er tekið fram, er frv. og greinargerðin fyrir því bygt á þeirri meginvillu, að innflutningur tóbaks á stríðsárunum og næstu tveim árunum á eftir, sem var langt fram yfir eðlilegt meðallag (t. d. árin 1916 og 1919) er borinn saman við fyrstu starfsár einkasölnunnar, en þá var innflutningurinn eðlilega miklu minni, vegna hinna miklu fyrirbyggjandi birgða kaupmanna frá þeim tímum, sem hinn óeðlilegi innflutningur átti sjer stað. Sjest þetta einkarglögt á því, að í ársbyrjun 1922 voru í landinu tóbaksbirgðir fyrir talsvert á aðra miljón króna, sem kaupmenn hafa verið að selja alt fram að þessu.

Af þessu verður það ljóst, að allir útreikningar og staðhæfingar flutningsmanna frv. og annara, sem bygt hafa vörn fyrir það á samskonar forsendum, geta með engu móti staðist, þegar málið er athugað frá rjettri hlið. Það hefir verið sýnt fram á það með fullum rökum, og enginn treyst sjer til að mótmæla, hvorki meiri hluti nefndarinnar nje aðrir, að árið 1924 er það ár, sem leggja ber til grundvallar, er um það er að ræða, hverjar tekjur ríkissjóður muni hafa af tóbakseinkasölnunni í framtíðinni. Í skýrslu Landsverslunarinnar til Alþingis um tóbakseinkasölnuna er berlega sýnt fram á, og því hefir meiri hluti nefndarinnar heldur ekki gert tilraun til að mótmæla, að tekjur ríkissjóðs eftir frv. hljóta að verða á þriðja hundrað þúsund krónum minni árlega en með núverandi fyrirkomulagi, miðað við sama innflutning. Hinar glæsilegu vonir flutningsmanna um aukinn innflutning tóbaks getur nefndin ekki sjeð nein líkindi til að muni rætast, enda það, að leggja kapp á aukinn innflutning, tvieggjað vopn, hvort heldur lítið er á það frá fjárhagslegu eða siðferðislegu sjónarmiði. Að vinna að því að auka óeðlilegan innflutning á tóbaki getur ekki leitt til annars en aukinna útgjalda fyrir þjóðina, en aðal-

Stefna Íbaldsflokksins hefir í orði verið sú, að spara á öllum sviðum, bæði fyrir þjóðarheild og einstaklinga. Til frekari stuðnings því, sem haldið er fram hjer að framan um tekjumissi rikissjóðs, ef frv. næði fram að ganga, skal tekið hjer til samanburðar:

A. Tekjur rikissjóðs af tóbakseinkasölu 1924.

1. Tollur	kr. 524464.05
2. Rekstrarhagnaður.	— 385106.47
3. Gengishagnaður	— 67988.33
Samtals	<u>kr. 977558.85</u>

B. Í greinargerðinni við frumvarpið, bls. 3, áætla flutningsmenn tekjur rikissjóðs eftir frumvarpinu þannig:

67100 kg. tóbak á 6.00 kr. pr. kg.	kr. 402600.00
15545 kg. vindlar og vindlingar á 16.00 kr. pr. kg.	— 248720.00
Samtals	<u>kr. 651320.00</u>
Tekjur rikissjóðs eftir frumvarpinu miðni en nú	— 326238.85
	<u>kr. 977.558.85</u>

Það skal enn fremur bent á, að útlit er fyrir, að enn meiri hagnaður verði á tóbakseinkasölu árið 1925 en var árið 1924, og skal hjer tekin skýrsla um sölu tóbakseinkasölu fyrsta ársfjórðunginn 1925, borin saman við fyrsta ársfjórðunginn 1924:

1924.				1925.			
Janúar	kr. 159941.81	Janúar	kr. 169415.54		
Febrúar..	...	— 143537.19	Febrúar..	...	— 186161.70		
Mars	— 180139.14	Mars	— 219009.00		
		<u>kr. 483618.14</u>			<u>kr. 574586.24</u>		

Salan fyrsta ársfjórðunginn 1925 er því kr. 90968.10 hærri en á sama tíma 1924, og mun þó magn hins selda nokkru meira en krónuupphæðin bendir til, þar sem útsöluverð Landsverslunar hefir lækkað töluvert frá því í fyrra.

Tóbaksverðið innanlands (smásöluverð).

Flutningsmenn frumvarpsins staðhæfa, að tóbaksverðið innanlands muni fara lækkandi, ef frv. nær fram að ganga, en til þess er því að svara, að meiri líkur eru til, að hið gagnstæða muni eiga sjer stað. Því til sönnunar setjum vjer hjer skýrslu um smásöluverð á nokkrum tóbakstegundum hjá kaupmönnum árið 1921 og smásöluverð á þessu ári.

Smásöluverð í Reykjavík

		31. des. 1921	1. jan. 1925
		Kr. au.	Kr. au.
Rjól kilóið		20—23.00	19.50
Munntóbak kg.		20—25.00	22.00
Reyktóbak:			
Ocean Mixt.	lbs.	12—16.00	9.00
Glasgow	—	13—16.20	14.50
Waverley	—	14—16.00	14.50
Moss Rose	—	12.00	7.55
Old Friend	—	10—12.00	7.55
Pioner Brand	—	17.00	15.60
Traveller	—	17.00	15.60
Vindlingar:			
Lucana	10 stk.	0.60—0.70	0.61
Embassy	10 stk.	1.15	1.12
Westminster	AA. c.	1.10—1.15	1.01
Vindlar:			
Bonarosa	100 stk.	35.00—40.00	36.90
Denise	100 stk.	32.00—45.00	33.25
Amsterdam Bank	38.00	37.00
Amistad	45.00	44.50
Romanos	48.00	48.40

Frá smásöluverði í ársbyrjun 1925 er dregin tollhækkunin 1924, sem var 1 kr. pr. kg. á tóbaki, en 2 kr. pr. kg. á vindlingum og vindlum, til þess að samانبurður verði rjettur.

Smásalar leggja ekki ávalt fullkomlega leyfilega hámarksálagningu á rjól.

Gengið var 31. des. 1921:	100 kr. danskar = 100.00 kr. islenskar		
	1 sterlingspd. = 26.00	—	—
— — 1. jan. 1925:	100 kr. danskar = 104.40	—	—
	1 sterlingspd. = 28.00	—	—

Aðaltegundin af vindlingum, sem seld er, er ný, Elephant, og ódýrari en helstu tegundir áður, 50 au. smásöluverð á 10 stk. pk., enda hefir Landsverslunin náð þar sjerstökum kjörum.

Skýrsla þessi sýnir nokkru lægra smásöluverð á tóbaki yfirleitt nú heldur en er einkasalan tók til starfa, og munar sjerstaklega á reyktóbakinu. Þó hefði smásöluverðið átt að vera 5—10% hærra nú vegna óhagstæðs gengis íslensku krónunnar.

Verðsamanburður á nokkrum tóbakstegundum hjer og erlendis 1. jan. 1925.

	Einkasöluverð hjer.	Smásöluverð erlendis.
<i>Reyktóbak:</i>	Kr. au.	Kr. au.
Marigold Flake lbs.	11,50	16.80
Pinnace —	11.50	16.80
Waverley Mixt. —	13.00	22.40
Glasgow — —	13.00	22.40
Westward Ho —	10.50	19.60
Richmond Mixt. —	10.50	27.07
Traveller Brand —	14.00	23.33
<i>Vindlingar:</i>		
Three Castles 10 stk.	0.77	0.93
Gold Flake — —	0.66	0.70
Capstan — —	0.70	0.70
Embassy 20 —	1.90	3.50
Golden Floss 25 —	2.00	3.50
Derby 25 —	2.25	4.10
<i>Vindlar:</i>		
Mexico per 100 stk.	46.00	43.85
Romanos — — —	43.00	43.85
Times — — —	30.00	29.20
Munntóbak (mjótt) pr. kg. ...	24.00	24.50

Smásöluverðið erlendis er svipað á vindlum og munntóbaki sem einkasöluverðið hjer, en á vindlingum, og sjerstaklega reyktóbaki, er það miklu hærra erlendis. Samanburðurinn á smásöluverðinu erlendis og hjer er þó auðvitað að miklu leyti kominn undir tóbakssköttunum og tollunum í ríkissjóð í hverju landi. Sje tekið tillit til þess, að tóbaksskattur er t. d. í Danmörku miklu lægri á ódýrustu og miðlungstegundunum heldur en hjer á landi, kemur í ljós, að smásöluverðið hjer á landi er að öðru leyti töluvert lægra en í Danmörku.

Tolleftirlitið.

2. gr. frv. gerir ráð fyrir auknu tolleftirliti og breyttu fyrirkomulagi frá því, sem verið hefir. Við þetta er í sjálfu sjer ekkert að athuga annað en það, að allar likur eru til, að þetta nýja fyrirkomulag reynist óframkvæmanlegt. Áður hefir þótt nægja, að tollheimtumenn öfluðu sjer áreiðanlegrar vitneskju um þunga hinnar tollskyldu vöru, en nú er gert ráð fyrir, að þeir handleiki hvern einstakan smábita og limi tollmerki eða nokkurskonar kvittun fyrir tollgreiðslu á hann. Vandkvæðin á þessu koma fram á þann hátt, að þótt hugsanlegt sje, að slíkt eftirlit yrði framkvæmt í Reykjavík, þar sem lögreglustjóri hefir talsvert aðstöðarlið, liggur það í augum uppi, að í öðrum landshlutum, þar sem að eins er einn maður til tollgæslu, en fjöldi kaupþúna innan sömu sýslu, muni slíku fyrirkomulagi illa verða við komið.

Umbúðirnar um tóbakið frá útlöndum mundu þó valda mestum vandkvæðum um slíka tollheimtu. Sumt *munntóbak* er í umbúðalausum smábitum, sem svo er pakkað (oft um 100 stk.) í stærri umbúðir. Mundi það geta valdið skemdu á tóbakinu að raska hinum ytri umbúðum fyrir en til sölu kæmi, enda myndi þá tollheimtumaður verða að pakka inn hverjum smápakka og líma síðan á hann tollmerkið. Alt *rjóltóbak*, sem flyst til landsins, er í 25 kg. strigapokum. Myndi því verða að skera strigaumbúðirnar utan af tóbakinu, líma á hvern pakka og sauma síðan inn í umbúðirnar aftur, ef eigi á að geta orðið hætt við skemdu á vörunni. Um *vindla* er það að segja, að þar myndi álímingin auðveldust, þó þyrfti tollestirlítið að rífa opna umbúðakassana, skera síðan utan af vindlakössunum blýlóðaðar blikkumbúðir, sem oft eru settar utan um vindlakassana til öryggis, og síðan koma öllu í samt lag aftur, eftir því sem hægt væri. *Reyktóbak* mundi verða mjög erfitt að merkja, þó sjer í lagi pakkatóbak. Nær því ætíð er því pakkað þannig, að margir smápakkar eru í stærri pökkum (á 10–50 smápk.). Yrði því fyrst að rífa ytri umbúðirnar, og síðan pakka smápökkunum inn aftur, í sömu umbúðir ef hægt væri, eða þá nýjar, sem tollestirlítið yrði að láta af hendi, því kaupendur tóbaksins myndu með rjettu þykjast eiga heimting á, að vörunnar væru ekki skemdar fyrir þeim. Um eina stærstu tóbakstegundina, *vindlinga*, myndu örðugleikarnir við tollmerkinguna þó verða mestir. Um alla vindlinga, sem flytjast hingað til lands, eru umbúðirnar þannig: Yst er ramger járnhentur trjekassi, þar næst blýlóðað blikkhylki, og innan undir þessum umbúðum er síðan smápökkunum pakkað saman (venjul. 50 smápk.) í pappahylki, sem pappirsumbúðir eru svo vandlega límdar utan um. Þar sem nú tollestirlítið myndi nú verða að merkja hvern smápakka, sjest best, hvílik vinna merkingin verður, þegar þess er gætt, að síðastliðið ár voru fluttir inn 9 milj. stk. vindlinga, eða ca. 900 þús. pakkar.

Að þessu athuguðu verður það augljóst, að það er útilokað, að aðferðin, sem frv. gerir ráð fyrir, verði viðhöfð. Það gæti valdið skemdu á vörunni, bakað innflytjendum mikil óþægindi og rikissjóði svo mikinn kostnað, að erfitt er að gera sjer grein fyrir, og ekki fjarstæða að álíta, að verulegur hluti tollsins mundi ganga í eftirlítið, ef það ætti að verða í nokkru lagi.

Tóbaksgæðin.

Þegar málið var til umræðu í Nd., var að minsta kosti einn þm. að burðast við að blekkja áheyrendur sína með því að staðhæfa, að vörur einkasölnunnar væru lakari en áður hefði átt sjer stað. Slík ummæli, hvaðan sem þau koma, verða eigi annað en marklaust hjál, þegar þess er gætt, að verslunin hefir skift við öll hin helstu og víðukendustu tóbaksverslunarhús og verksmíðjur. Þess má í þessu sambandi geta, að merkir útlendingar, sem athugað hafa birgðir einkasölnunnar, hafa látið undrun sína í ljósi yfir fjölbreytni tegunda og gæðum þeirra, og hafa talið einkasölnuna standa að því leyti framar samkynja stofnunum erlendis. Gæði birgða þeirra, er kaupmenn áttu um það leyti, sem einkasalan tók til starfa, munu líka síst styðja þá

ályktun, að vörugæðin hafi verið betri fyrir þann tíma en síðar, eftir að einkasalan tók við.

Stefnumunur.

Eins og kunnugt er, hafa frá upphafi verið allskiftar skoðanir um það, hvort íslenska ríkið ætti að fara að dæmi flestra annara Norðurálfulþjóða um að gera einkasölu á tóbaki einn af föstum tekjustofnum ríkissjóðs.

Íhaldsflokkurinn annarsvegar virðist eigi geta komið auga á neitt annað fyrirkomulag en síhækkandi tolla á tóbaki eins og flestum öðrum neysluvörum almennings.

Hinn frjálslyndari hluti þingsins litur hinsvegar svo á, að hagkvæmara yrði að stefna að því að lækka heldur tollinn, en telur tóbaksvörur sjerstaklega vel fallnar til einkasölu. Með því vinst, að stöðugt má hafa nákvæmar gætur á því, að ríkið fái sæmilegan arð af þessari vöru, en að almennungi verði ekki íþyngt um of með óhæfilegu verðlagi, þ. e. hámarksverð í smásölu, sem tryggir hagsmuni neytandans fullkomlega.

Að því athuguðu, sem að framan greinir, virðist ekki ólíklegt, að almenningur vakni til ihugunar um það, hvort hagkvæmara muni að gefa kaup-sýslustjettinni alveg lausan tauminn í þessu efni, eða hitt, að ríkið gæti sinna hagsmuna og almennings. Fari svo, mót von, að fjármála- og menningar-þroskinn reynist eigi á hærra stigi en svo, að þjóðin vilji láta þetta veltast eftir því sem verkast vill, er ekki annað við því að segja en að hún eigi ekki betra skilið heldur en framvegis eins og áður fyr að vera ofurseld klóm braskaranna.

Alþingi, 5. maí 1925.

Ingvar Pálmason, Jónas Jónsson,
fundaskr. frsm.